

AUGLÝSING

50

30. marz

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellissands, nr. 2 2. jan. 1953.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt, kr. 365.00 á ári og 1% af fasteignamati húsa. Auk þess skal greiða kr. 200.00 á ári fyrir hverja íbúð, sem búð er í umfram eina í hverju húsi.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- b. Af tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
- c. Af kælivatni vegna véla samkv. vatnsmæli kr. 0.90 á tunnu af fyrstu 1000 tn., en kr. 0.50 á tonn eftir það.
- d. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.

Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. marz 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Árna Sveinssonar, útgefin 51
á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. apríl 1955. 6. apríl
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Árna Sveinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Árna Sveinssonar, og er stofnaður af Árna Sveinsyni frá Mælifellsá, í tilefni af og í minningu um góð kynni hans af Svinvetningum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 6000.00 — sex þúsund krónur —, sem gefnar eru af stofnandanum. Hann skal jafnan ávaxtaður í tryggri peningastofnun. Heimilt skal þó að fela Búnaðarfélagi Svinavatnshrepps ávöxtun hans, enda greiði það þá 1% hærri vexti af upphæðinni, en almennir innlánsvextir bankanna eru hverju sinni. Jafnan skal leitast við að vextir séu a. m. k. 6%.

51

6. apríl

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstólnum, svo og framlög, sem Kvenfélag Svínavatnshrepps eða aðrir kunna til hans að leggja.

Allir vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur —. Þegar hann hefur náð þeirri upphæð má úthluta hálfum vöxtunum samkvæmt 4. gr. Hinn helmingurinn skal leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Þá má úthluta $\frac{1}{4}$ hlutum vaxtanna, en jafnan skal leggja $\frac{1}{5}$ hluta þeirra við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er hvers konar líknarstarfsemi innan Svínavatnshrepps. En sé að dómi sjóðstjórnarinnar ekki þörf fjárveitingar í því augnamiði eitthvert ár, þá má nota það fé, sem til úthlutunar fellur það ár, til að prýða kirkjur, kirkjugarða, aðalsamkomustað sveitarinnar eða til einhvers annars menningarauka fyrir sveitarfélagið.

5. gr.

Kvenfélag Svínavatnshrepps er eigandi sjóðsins og er félagsstjórnin jafnan stjórn hans. Sér hún um reikningshald hans og úthlutar úr honum samkv. 4. gr.

Stjórnin skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og í hana skal skrá allar gerðir viðkomandi honum. Í hana skulu og árlega innfærðir reikningar hans. Stjórnin vinni kauplaust, en útlagður kostnaður vegna reikningshaldsins má greiðast af vöxtum sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga Svínavatnshrepps, og jafnan lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi Kvenfélags Svínavatnshrepps til samþykktar.

7. gr.

Verði Kvenfélag Svínavatnshrepps lagt niður eða hætti það störfum, skal kosin stjórn sjóðsins af húsfreyjum í Svínavatnshreppi úr þeirra hópi. Skal sú kosning framkvæmd samhliða sveitarstjórnarkosningum og gilda sama kjörtímabil. Skal kjörstjórn sveitarstjórnarkosninganna sjá um þessa stjórnarkosningu.

Þar til kosning hefur farið fram skal síðasta stjórn kvenfélagsins annast stjórnarstörf sjóðsins.

Rísi síðan upp kvenfélag í Svínavatnshreppi að nýju eða annað hliðstætt félag, tekur stjórn þess félags við störfum sjóðsstjórnarinnar á meðan það félag starfar. En leggist það niður skal kosin stjórn á ný, svo sem fyrir er mælt um í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarvaldanna á skipulagsskrá þessari.

14. janúar 1955.

Árni Sveinsson,
Keflavík.